



## Viðskiptajöfnuður við útlönd réttu megin við núllið á fyrsta ársfjórðungi

Viðskiptajöfnuður við útlönd var jákvæður um 289 milljónir króna á 1. ársfjórðungi. Þetta er 16. fjórðungurinn í röð sem afgangur er á viðskiptajöfnuði við útlönd, en síðast mældist halli á 1. ársfjórðungi ársins 2014. Afgangurinn nú er hins vegar verulega minni en á sama tíma í fyrra þegar hann mældist um 5,6 milljarðar króna.

Í nýbirtri [þjóðhagsspá okkar](#) gerum við ráð fyrir að afgangurinn af viðskiptajöfnuði verði 2,7% af vergri landsframleiðslu á þessu ári, eða sem samsvarar um 75 mö.kr. Þessar tölur stemma ágætlega við spá okkar, en að jafnaði er vöru- og þjónustujöfnuður hagstæðastur á 2. og 3. ársfjórðungi.

### Bæði meiri útflutningur og innflutningur

Afgangurinn á 1. ársfjórðungi 2017 var 5,7 ma.kr., eða um 5,4 mö.kr. meiri en nú.

Alls jókst vöru- og þjónustuútflutningur um 36,8 ma.kr. milli ára. Skýrist það meðal annars af um 17 ma.kr. meiri útflutningi sjávarafurða, 10 ma.kr. meiri útflutningi iðnaðarvara og 5 ma.kr. meiri tekjum af ferðaþjónustu.

Á hinni hliðinni jókst innflutningur á vöru og þjónustu um 38,4 ma.kr.

Þáttatekjujöfnuður lækkaði um 3,8 ma.kr., aðallega vegna 3,5 ma.kr. afgang af frumþáttatekjum á fyrsta fjórðungi 2017, en þessi liður var nánast í jafnvægi í fyrra.


### Uppsafnaður afgangur um 480 ma.kr. frá árinu 2014

Sem fyrr segir mældist síðast halli á viðskiptajöfnuði við útlönd á 1. ársfjórðungi 2014 og hefur því verið afgangur í fjögur ár samfleytt. Uppsafnaður afgangur á þessum fjórum árum er um 480 ma.kr. mælt á verðlagi hvers árs.

### Lengsta tímabil viðskiptaafgangs í sögu lýðveldisins


Viðvarandi viðskiptaafgangur við útlönd er veruleg breyting frá því sem áður var, en allt fram til ársins

Viðskiptajöfnuður



Rekstrarframlög talin með þáttatekjum  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Breyting á viðskiptajöfnuði milli 1. ársfj. 2017 og 2018



Rekstrarframlög talin með þáttatekjum  
Heimild: Seðlabanki Íslands



2012 heyrði jákvæður viðskiptajöfnuður til undantekninga. Áratugin fyrir 2012 var þjóðarbúið rekið með nær krónískum viðskiptahalla. Lengsta tímabil jákvæðs viðskiptajafnaðar við útlönd fyrir núverandi tímabil var þrjú ár á árunum 1993-1995.

### **Stórbætt erlend staða þjóðarbúsins**

Óhætt er að segja að viðsnúningur á utanríkisviðskiptum hafi bætt stöðu íslenska þjóðarbúsins verulega. Hrein staða þjóðarbúsins á 1. ársfjórðungi 2014 (án innlánastofnana í slitameðferð) var neikvæð um 196 ma.kr. en var í lok 1. ársfjórðungs 2018 jákvæð um 235 ma.kr. Alls er viðsnúningurinn á hreinni stöðu þessi fjögur ár rúmlega 430 ma.kr. Þess ber þó að geta að bætt erlend staða er að hluta til komin vegna stöðugleikaframlaga slitabúa gömlu bankanna á þessu tímabili.


### **Hrein erlend staða batnaði á fjórðungnum**

Í lok fyrsta ársfjórðungs námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.096 mö.kr. og erlendar skuldir 2.861 mö.kr. og var hrein staða því jákvæð um sem nemur 235 mö.kr., eða 9% af VLF.


Hrein staða þjóðarbúsins batnaði um 55 ma.kr. á fjórðungnum, en bæði erlendar eignir og erlendar skuldir hækkðu á fjórðungnum. Bætt erlend staða kom til að mestu vegna þess að fjármagnsjöfnuður var jákvæður um 58 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 28 ma.kr. bæði vegna hækkunar á gengi krónunnar og verðlækkana á erlendum verðbréfamörkuðum.

Bætt erlend staða hefur áhrif á viðskiptajöfnuð í gegnum liðinn frumþáttatekjur, en í honum eru meðal annars tekjur og gjöld af erlendum eignum þjóðarbúsins og innlendum eignum erlendra aðila. Frumþáttatekjur voru jákvæðar um 1,6 ma.kr. og er þetta 9. ársfjórðungurinn í röð sem svo er. Svo dæmi sé tekið mældist einungis tvisvar afgangur af þáttatekjujöfnuði á árunum 1995 til 2006.

### **Viðskiptajöfnuður við útlönd**



### **Erlend staða þjóðarbúsins**



2009 F1 til 2015 F3 án ILST í slitameðferð  
Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.